

Ár 2008, fimmtudaginn 27. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, í málinu nr. E-489/2007

Þór Fannar Ólafsson

gegn

Kró ehf.,

Ólafi S. Þórarinssyni,

Kristínu Ólu Karlsdóttur,

Hólmfríði Helgu Ólafsdóttur og

Háfi sf.

kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar um frávísunarkröfu stefndu Hólmfríðar Ólafsdóttur, fimmtudaginn 6. mars sl., er höfðað af Þór Fannari Ólafssyni, Háfi 2, Rangárþingi ytra, á hendur Kró ehf., Ólafi S. Þórarinssyni, Kristínu Ólu Karlsdóttur og Hólmfríði Ólafsdóttur, persónulega og fyrir hönd Háfs ehf.

Í málinu krefst stefnandi þess að stefndu, Kró ehf., Ólafi S. Þórarinssyni, Kristínu Ólu Karlsdóttur og Hólmfríði Ólafsdóttur, persónulega og fyrir hönd Háfs sf., verði gert skylt að þola ógildingu kaupsamnings og afsals, dags. 23. júní 2006, að því er varðar jörðina Háf, Rangárþingi ytra, landnúmer 165384, ásamt öllu sem henni fylgir og fylgja ber.

Að stefndu, Ólafi S. Þórarinssyni, Kristínu Ólu Karlsdóttur og Hólmmfríði Ólafsdóttur, persónulega og fyrir hönd Háfs sf., verði gert skylt að gefa út afsal til stefnanda fyrir jörðinni Háfi, Rangárþingi ytra, landnúmer 165384, ásamt öllu sem henni fylgir og fylgja ber, með sömu skilmálum og greinir í kaupsamningi og afsali, dags. 23. júní 2006, gegn greiðslu sem nemur eftirstöðvum áhvílandi veðskulda á jörðinni, sem tilheyra Háfi sf., nánar tiltekið á 1. veðrétti veðskuldabréf frá Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, útgð. 06.09.1984, upphaflega að fjárhæð kr. 760.000, 2. veðrétti veðskuldabréf frá Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, útgð. 06.09.1984, upphaflega að fjárhæð kr. 120.000, 3. veðrétti veðskuldabréf frá Lánasjóði Landbúnaðarins, útgð. 19.03.1991, upphaflega að fjárhæð kr. 4.029.000, 4. veðrétti fjögur veðskuldabréf frá Lánasjóði Landbúnaðarins, útgð. 11.02.1994, upphaflega að fjárhæð kr. 2.080.000, útgð. 16.01.1996, upphaflega að fjárhæð kr. 689.000, útgð. 16.01.1996, upphaflega að fjárhæð kr. 1.069.000, útgð. 16.12.2003, upphaflega að fjárhæð kr. 1.203.000, og á 5. veðrétti veðskuldabréf Kaupþings banka hf., útgð. 24.11.2004, upphaflega að fjárhæð kr. 8.000.000, eða til vara gegn greiðslu fjárhæðar samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna.

Til vara er þess krafist að stefndu, Ólafi S. Þórarinssyni, Kristínu Ólu Karlsdóttur og Hólmmfríði Ólafsdóttur, persónulega og fyrir hönd Háfs sf., verði gert skylt að gefa út afsal til stefnanda fyrir þeim hluta jarðarinnar Háfs, Rangárþingi ytra, landnúmer 165384, sem byggingarbréf, dags. 5. júlí 1973, tekur til, ásamt öllu sem þeim hluta fylgir og fylgja ber, með sömu skilmálum og greinir í kaupsamningi og afsali, dags. 23. júní 2006, gegn greiðslu fjárhæðar samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna.

Að auki krefst stefnandi að stefndu verði dæmd til að greiða honum málskostnað að skaðlausu auk virðisaukaskatts.

Einn hinna stefndu, Hólmmfríður Ólafsdóttir, hefur krafist þess að máli þessu verði vísað frá dómi. Málið var tekið til úrskurðar að undangengnum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefndu Hólmmfríðar, sbr. 2. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Er einungis sá þáttur málsins hér til umfjöllunar. Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfu stefndu Hólmmfríðar verði hafnað. Krefjast málsaðilar málskostnaðar í þessum þætti málsins en annars að hann verði látinn bíða efnisdóms.

Stefnda Hólmmfríður byggir frávísunarkröfu sína á þeirri málsástæðu að frágangur stefnu fullnægi ekki skilyrðum c-liðar 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Samkvæmt ákvæðinu verði að taka fram í stefnu hver eða hverjir flytji málið fyrir stefnanda. Verði því að greina frá nafni málflutningsumboðsmanns stefnanda. Feli þessa regla í sér að taka verði beinlínis fram í meginmáli stefnu hver umboðsmaðurinn sé og nægi því ekki, eins og raunin sé í þessum máli, að

lögmaðurinn riti nafn sitt undir stefnuna. Þar eð framangreinds skilyrðis hafi ekki verið gætt við frágang stefnu í máli þessu beri að vísa því frá dómi.

Til stuðnings kröfu sinni um að fram kominni frávísunarkröfu verði hafnað vísar stefnandi til þess að skýrlega verði af stefnu ráðið hvaða lögmaður fari með málflutningsumboð fyrir stefnanda. Þannig riti Óskar Sigurðsson hæstaréttarlögmaður undir stefnuna f.h. stefnanda auk þess sem stefnan sé rituð á bréfsefni lögmannsstofu hans. Þá hafi lögmaðurinn lagt fram sókn í málinu, sama dag og stefnda Hólmfríður lagði fram greinargerð sína, þar sem tekið sé fram að láðst hafi að taka fram um málflutningsumboðið í stefnu.

Í c-lið 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er kveðið á um að taka verði fram í stefnu hver eða hverjir flytji málið fyrir stefnanda. Í sókn sem stefnandi lagði fram við fyrirtöku málsins 19. desember sl. kemur fram að láðst hafi að geta um það í stefnu að Óskar Sigurðsson hæstaréttarlögmaður myndi flytja málið fyrir hans hönd. Enda þótt fyrir liggja að ekki er í stefnu máls þessa beinlínis tekið fram hver flytji málið fyrir hönd stefnanda þá sýnist það vart geta hafa dulist stefndu við lestur stefnunnar, enda ritar framangreindur lögmaður undir hana auk þess sem hún er rituð á bréfsefni lögmannsstofu hans. Var þetta svo endanlega staðfest með framlagðri sókn stefnanda hinn 19. desember sl. eins og að framan greinir. Þykir því, eins og hér háttar, slík vöntun á skýrri tilgreiningu um hver fari með málflutningsumboð fyrir stefnanda ekki eiga að varða því að vísa beri máli þessu frá dómi, enda verður ekki séð að það hafi valdið stefndu vandkvæðum við ákvörðun og mótun á því hvernig vörnum þeirra skyldi hagað. Samkvæmt þessu verður ekki á það fallist með stefndu Hólmfríði að vísa beri máli þessu frá dómi.

Rétt þykir að ákvörðun um málskostnað bíði efnisdóms.

Ásgeir Magnússon héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

ÚRSKURÐARORÐ:

Frávísunarkröfu stefndu, Hólmfríðar Ólafsdóttur, er hafnað.

Ákvörðun um málskostnað bíður efnisdóms.

Ásgeir Magnússon